

### HANDVERK OG HÖNNUN hættir

Það liggur nú fyrir að verkefnið HANDVERK OG HÖNNUN mun ekki fá áframhaldandi rekstrarstyrk eftir þetta ár. Í minnisblaði frá forsætisráðuneytinu dagsett 26. maí 2006 þar sem þessi niðurstaða ríkisstjórnarinnar er kynnt segir m.a.: „Reynsluverkefnið Handverk var stofnað árið 1994 á vegum forsætisráðuneytis og starfaði til loka árs 1996. Þegar reynsluverkefninu lauk var ákveðið að halda því áfram en undir nafninu Handverk og hönnun. Í árslok 2002 ákvað ríkisstjórnin að framlengja starfsemi verkefnisins til ársloka 2006. Verkefnið Handverk og hönnun hefur verið samstarfsverkefni ráðuneyta forsætis, félagsmála, landbúnaðar og iðnaðar- og viðskipta og hafa þessi ráðuneyti fjármagnað það að stærstum hluta. Verkefnið hefur á umliðnum árum skilað mikilvægum árangri og stuðningur stjórnvalda undanfarinn áratug hefur orðið til þess að efla starfsemi tengda íslensku handverki og hönnun víða um land.

Það er alit framangreindra ráðuneyta að þörfin fyrir verkefnið í þeirri mynd sem verið hefur undanfarin ár sé ekki jafn mikil og fyrr. Forsætisráðherra hefur því ákveðið að höfðu samráði við samstarfsaðila að framlengja verkefnið Handverk og hönnun ekki frekar en orðið er."

### Sumarsýningin 2006

Sumarsýningin 2006 opnaði í sýningarsal HANDVERKS OG HÖNNUNAR, Aðalstræti 12, 2. hæð laugardaginn 1. júlí. Þetta er í fjórða sinn sem haldin er sumarsýning hjá HANDVERKI OG HÖNNUN og hafa þessar sýningar hafa verið vel sóttar af innlendum og erlendum ferðamönnum. Á sumarsýningunni 2006 er bæði hefðbundinn íslenskur listiðnaður og nútíma hönnun úr fjölbreyttu hráefni. Á sýningunni eru hlutir m.a. úr leir, gleri, pappír, tré, roði, ull og silfri. Sýningin er haldin í kjölfar samkeppni sem fjölmargir tóku þátt í og valdi valnefnd muni frá þrjátíu og sjö aðilum til sýningar. Sýnendur eru: Aðalbjörg Erlendsdóttir, Anna Gunnarsdóttir, Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, Áslaug

Höskuldsdóttir, Auður Inga Ingvarsdóttir, Brynja Baldursdóttir, Dýrfinna Torfadóttir, Eva Vilhelmsdóttir, Gegga – Helga Birgisdóttir, Guðbjörg Jóna Magnúsdóttir, Guðrún Steingrímsdóttir, Guðrún Þórsdóttir, Hallfríður Tryggvadóttir, Helena Sólbrá Kristinsdóttir, Halldóra Hafsteins-



Taska  
Sigurborg  
Stefánsdóttir

dóttir, Hólmfríður Arngrímsdóttir, Ingunn Fjöla Ingþórsdóttir, Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, Jón Guðmundsson, Katrín Grétarsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir, María Valsdóttir, Marý, Ólafía Lára Ágústsdóttir, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, Reynir Sveinsson, Sigríður Sigurðardóttir, Sigurborg Stefánsdóttir, Sigurður K. Eiríksson, Snjólaug G. Sigurjónsdóttir, Steinunn Marteinsdóttir, Svetlana Matusa, Trausti B. Óskarsson, Zatín (Soffía Margrét Hafþórsdóttir og Hulda Björk Grímsdóttir), Þóra Breiðfjörð og Þórhildur Þorgeirsdóttir. Margrét Jónsdóttir leirlistakona og Ragna Fróða fatahönnuður sáu um uppsetningu sýningarinnar.

Sýningin stendur til 27. ágúst 2006 og er opin alla daga frá kl. 13.00 til 17.00.

### Bók um handverk og hönnun á Íslandi


Nýlega gaf HANDVERK OG HÖNNUN út bók þar sem kynntir eru 114 einstaklingar sem stunda handverk, hönnun og listiðnað á Íslandi. Markmiðið með bókinni er milliliðalaus og aðgengileg kynning á einstaklingum sem stunda handverk og hönnun á Íslandi. Allir sem áhuga höfðu gátu sótt um þátttöku í bókinni en þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði. Þeir sem valdir hafa verið af valnefndum inn á sýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR og eru með fjölbreyttar vörur í sölu allt árið gátu skráð sig án þess að fara fyrir valnefnd. Aðrir sem áhuga höfðu á að vera með en höfðu ekki tekið þátt í sýningum, sóttu sérstaklega um skráningu og valnefnd fór yfir umsóknirnar. Hver einstaklingur er kynntur á einni blaðsíðu í bókinni með mynd af einu verki og ítarlegum upplýsingum. Hver blaðsíða var sérprentuð á góðan pappír fyrir hvern einstakling. Bókinni er skipt í sjö flokka: textíll/fatahönnun, skartgriphönnun, leir og

gler, horn og bein, pappír, tré og tágar, skinn, leður og roð og blandaða tækni. Í bókinni er landakort sem sýnir með litmerkingum í hvaða landshluta viðkomandi einstaklingur starfar og hvar verk hans eru til sölu. Bókin mun vonandi nýttast einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum, stéttarfélögum, ferðaþjónustuaðilum og ýmsum fleirum. Bókin er gefin út í 5000 eintökum og er gert ráð fyrir að líftími hennar sé a.m.k. tvö ár. Upplýsingarnar sem í henni birtast eru jafnframt aðgengilegar á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR á sérstöku svæði. Ef eitthvað af upplýsingunum sem birtast í bókinni úreldest á líftíma hennar, verða þær uppfærðar á heimasíðunni.

### Ráðhúsmarkaður 26.–29. okt. 2006

HANDVERK OG HÖNNUN skipuleggur nú í fyrsta sinn markað með íslensku handverki og listiðnaði í Ráðhúsi Reykjavíkur í október 2006. Markaðurinn stendur í fjóra daga og munu listamennirnir sjálfir selja/kynna vörur sínar. Valið var inn á markaðinn og verða þátttakendur að þessu sinni um 50 með mjög fjölbreyttar vörur. Markaðurinn er haldinn að erlendra fyrirmynd og er hugmyndin að kaupendur geti kynnt fólkinu á bakvið vöruna. Unnið er að sérstöku vefsvæði á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR í tengslum við markaðinn og þar verða allir þátttakendur kynntir.


Ráðhúsmarkaðurinn mun standa yfir frá fimmtudegi til sunnudags (26.–29. okt.) og er aðgangur ókeypis.



Hálsmen  
Ingrid  
Larssen

### Skartgripasýning í september

Í september mun norska listakonan Ingrid Larssen halda sýningu á skartgripum í sýningarsal HANDVERKS OG HÖNNUNAR, Aðalstræti 12, Reykjavík. Ingrid vinnur skartgripi úr textíl á mjög óvenjulegan og áhugaverðan hátt. Verk Ingrid hafa vakið mikla athygli víða um heim og á síðasta sumri sýndi hún meðal annars á Spáni við góðar undirtektir. Hún hefur hlotið alþjóðleg verðlaun fyrir skartgriphönnun og selur víða um heim í þekktum galleríum.



Hálsmen  
Anna  
Gunnarsdóttir

## Auður Austurlands til Noregs

Í síðasta fréttabréfi var sagt frá sýningunni „Auður Austurlands“ sem sett var upp á nokkrum stöðum um landið. Í byrjun júní fór sýningin svo til Noregs þar sem hún var sett upp í tengslum við hátíð í Silpolen í Vesterålen í Norður-Noregi dagana 6.-11. júní. Aðsókn á sýninguna var mjög góð og jákvæð umfjöllun var í blöðum. Það var Signý Ormarsdóttir menningarfulltrúi Austurlands sem hafði veg og vanda af sýningunni í Noregi.

## Handverksdagur

Í júní í fyrra var í fyrsta sinn haldinn Handverksdagur á landsvísu þar sem u.þ.b. fimmtíu aðilar opnuðu vinnustofur sínar og buðu gestum og gangandi að koma. Dagurinn heppnaðist víða mjög vel og stóð til að haldinn yrði Handverksdagur 24. júní síðastliðinn. Þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar bárust ekki nema þrjátíu og ein skráning á Handverksdaginn. Þar sem mjög kostnaðarsamt er að auglýsa viðburð sem þennan og prenta kynningarefni miðuðust kostnaðaráætlanir við að þátttakendur væru ekki færri en fimmtíu. Það var því ákveðið að fresta Handverksdeginum að þessu sinni. Þess má þó geta að nokkrir sem höfðu skráð sig til þátttöku héldu upp á daginn með ýmsum uppákomum.



Súla

Sigurður  
K. Eiríksson

## Engin jólasýning í ár

Undanfarin sjö ár hefur verið haldin sýning á aðventunni sem kallast „Allir fá þá eitthvað falllegt...“ Þessi sýning hefur skipað fastan sess í jólaundirbúningi fjölmargra landsmanna og er því miður að slík sýning verði ekki haldin þetta árið. En eins og fram hefur komið í fréttabréfinu mun starfsemi verkefnisins hætta um áramótin og því framundan heilmikil vinna við að ganga frá öllu fyrir lokun. Eins og gefur að skilja hefur safnast fyrir mjög mikið af myndum og ýmsum gögnum hjá HANDVERKI OG HÖNNUN undanfarin tólf ár sem þarf að ganga frá.

## Sölusýning í Caen Frakklandi

Árlega er haldin alþjóðleg sölusýning í Normandí í Frakklandi sem kallast Foire Internationale de Caen. Á hverju ári er eitt land í heiðursæti sem fær mikla athygli og er það Ísland að þessu sinni. Fjölmargt íslenskt handverks og listiðnaðarfolk mun taka þátt í sýningunni sem stendur yfir frá

15.–26. sept. Nánari upplýsingar um sýninguna má finna á heimasíðunni:  
[www.caen-expo-congres.com](http://www.caen-expo-congres.com)

## European Ceramic Context 2006

Þann 8. september 2006 mun opna á Bornholm 3 leirlistasýningar. Á Bornholm er reynt að svara því hver staða leirlistar er í Evrópu í dag undir yfirskriftinni: "At what juncture do we find European ceramics today?" Þátttakendur eru frá 28 Evrópulöndum og eru 4–6 þátttakendur frá hverju landi. Fjórir sýnendur eru frá Íslandi. Þær eru Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, Guðný Magnúsdóttir, Guðný Hafsteinsdóttir og Margrét Jónsdóttir. Sýningarnar standa til 22. október. Í tengslum við sýningarnar verður haldin alþjóðleg ráðstefna og námstefnur. Sjá nánar á [www.ceramic2006.com](http://www.ceramic2006.com)

## Íslensk tiskuhönnun

### í Þjóðmenningarhúsinu

Nú stendur yfir sýningin Íslensk tiskuhönnun í Þjóðmenningarhúsinu. Þar er sýndur þverskurður tiskuhönnunar í íslenskri nútímameningu. Þrjátíu og átta úrvalsverk eftir tíu hönnuði sýna fjölbreytni og sköpunarkraft íslenska tiskugeirans. Að sögn sýningarstjórans Matthias Wagner K. einkennast verkin ekki aðeins af listrænni fágun og fullkomnu valdi á tækni heldur einnig listrænum innblæstri, fagurfræðilegu næmi og frumlegri sköpunargáfu.

Sérkenni íslenskrar tiskuhönnunar njóta sín á sýningunni en þau felast einkum í samþættingu andstæðna, innblæstri frá litum, birtu og áferð í landslaginu og næmri tilfinningu fyrir tíðarandann og lífsstíl þeirra sem klæðast fatnaðinum. Eftirtaldir hönnuðir eiga verk á sýningunni: Anna Guðmundsdóttir, Ásta Guðmundsdóttir, Dóra Emilsdóttir, Jóna Björg Jónsdóttir, Ragna Fróðadóttir, Rósa Helgadóttir, Spaksmannsspjarir, Steinunn Sigurðardóttir og Þorbjörg Valdimarsdóttir.

Sýningin stendur frá 29. júní 2006 - 27. febrúar 2007

## Heimasíða

### HANDVERKS OG HÖNNUNAR

#### **Skráning á heimasíðu**

Eins og áður hefur verið greint frá er gagnabanki um handverks- og listiðnaðarmenn á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Þeir sem sýnt hafa hjá HANDVERKI OG HÖNNUN geta fengið skráningu í gagnabankann. Við hvetjum alla til að senda inn myndir (eina andlitsmynd og þrjár til fimm myndir af verkum) og upplýsingar. Mikilvægt er að skráningin sé lifandi. Allir sem skráðir eru í gagnabankann eru hvattir til að senda inn nýjar myndir ef þeir

vilja skipta út myndum og að bæta upplýsingum við ferilskrá. Hægt er að senda myndir og annað efni fyrir gagnabankann í tölvupósti. Aðrir sem hafa áhuga á að skrá sig í gagnabankann en hafa ekki tekið þátt í sýningum verkefnisins geta sótt um það sérstaklega. Gagnabankinn og annað efni heimasíðunnar einnig aðgengilegt á ensku.



Tréskál

Trausti  
B. Óskarsson

## Handverks- og uppskeruhátíð

Dagana 10.-13.ágúst verður haldin Handverks- og uppskeruhátíð á Hrafnngili í Eyjafjarðarsveit. Þemað að þessu sinni er tónlist og verða íslenskir hljóðfærasmíðir á staðnum. Í tengslum við hátíðina er boðið upp á námskeið m.a. í flautu- og hnífasmíði. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.handverkshatid.is](http://www.handverkshatid.is)

## Dagatal og fréttir

Á fréttasiðunni má fylgjast með því sem er að gerast hjá HANDVERKI OG HÖNNUN og ýmsu tengdu handverki og listiðnaði. Hægt er að gestast áskrifandi að fréttasiðunni og fá áskrifendur sendan tölvupóst í hvert sinn sem ný frétt er sett á vefinn. Dagatalið segir frá ýmsum sýningum, námskeiðum og öðru áhugaverðu.

**Tenglar:** Á heimasíðunni er safn af áhugaverðum tenglum bæði íslenskum og erlendum.

**Bókastofa:** Á skrifstofu HANDVERKS OG HÖNNUNAR er ágætis úrval af bókum og fagtímaritum. Hægt er að fá bækur og tímarit lánuð. Bækurnar eru allar skráðar á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR og þar er hægt að panta bækur.

## Ofn til sölu

Leirbrennsluofn er til sölu á góðu verði. Hann er ca. 35 lítra, 30x30x35 cm. Ofninn fer upp í 1200 °C og er 1 fasa. Honum er stýrt af keilum en hægt er að fá stýritöflu við hann. Nánari upplýsingar veitir Ólöf Erla í síma 892 5544 eða í tölvupósti [olofe@centrum.is](mailto:olofe@centrum.is).

2. tbl. 12. árg.

Útgefandi: HANDVERK OG HÖNNUN  
Aðalstæti 12, Pósthólf 1556, 121 Reykjavík.  
Sími: 551 7595, bréfsími: 551 7495,  
[handverk@handverkoghonnun.is](mailto:handverk@handverkoghonnun.is)  
[www.handverkoghonnun.is](http://www.handverkoghonnun.is)  
Ábyrgðarmaður: Sunneva Hafsteinsdóttir